

## Minnisblað Hafnarstjóra

### Flotbryggja Þingeyri

Hafnarsjóði hefur boðist að kaupa uppgerða vel farna 3x12m flotbryggju tvær einingar.

Árið 2020 var sett upp til bráðabyrgða ál floteining á Þingeyri og var alltaf meiningin að þar yrði varanleg stein flotbryggja við hliðina á flotbryggjunni sem þegar er til staðar. Köfunarþjónustan hefur yfirfarið bryggjueiningarnar og teljast þær vera í góðu ástandi.

Ásett verð er 2 milljónir á einingu eða samtals 4 milljónir.

Þar sem á síðasta fundi var ákveðið að fresta kaupum á löndunarkrana og í staðinn farið í endurnýjun á mengunarvarnarbúnaði þá mun verða eftir af þeirri fjárveitingu á fjárhagsáætlun til að mæta þessum kostnaði.

Ísafirði 22/06/2022

Guðmundur M Kristjánsson

Hafnarstjóri